

REGLUGERÐ

um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

Dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, skammstafað D.A.S., er heimilt að reka happdrætti um bifreiðir, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

2. gr.

Stjórn fulltrúaráðs sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Hún skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórn fulltrúaráðs sjómanna dagsins ræður framkvæmdastjóra happdrættisins.

3. gr.

Reikningsár happdrættisins er frá 1. maí til 30. apríl. Dómsmálaráðuneytið skipar tvo endurskoðendur reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.

4. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og einn til vara og ákveður formann þess. Dómsmálaráðuneytið ákveður þóknun happdrættisráðsmanna, er greiðist af fé happdrættisins. Happdrættisráð skal hafa aðgang að bókum og skjölum happdrættisins, og skal því veitt sú vitneskja um starfsemina sem það óskar. Það skal tafarlaust tilkynna dómsmálaráðuneytinu, ef það telur ákvæði laga nr. 16 frá 13. apríl 1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, eða reglugerða settra samkvæmt þeim brotin. Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

5. gr.

Happdrættið gefur árlega út 80.000 – áttatíu þúsund – hlutamiða. Hver hlutamiði gildir fyrir tvær raðir vinninga, flokkaröð og sjóðsröð, sem auðkennd er í vinningaskrá sem DAS 80%. Hver hlutamiði ber áprentað númer frá 1–80.000, flokksnúmer frá 1–12, sjóðsraðarauðkenni, spilamerki sem eru hjarta, spaði, tígull eða lauf, verð miðans og skiptingu þess milli hvorrar raðar, síðasta söludag, dráttardag hvorrar raðar og innlausnarfrest vinninga.

Á miðann skal prenta eiginhandarundirskrift framkvæmdastjóra happdrættisins og á honum skal vera undirskrift og eiginhandarstimpill söluumbodsmanns.

Við útdrátt vinninga í flokkaröð sem fram fer mánaðarlega gilda hlutamiðanúmer en við útdrátt vinninga í sjóðsröð sem fram fer í ágúst, desember og apríl gilda auk hlutamiðanúmersins þau sérstöku spilamerki sem prentuð eru á miðann, það er hjarta, spaði, tígull og lauf. Gilda þau þannig:

1. 5. og 9. flokkur, miði ber auðkennið hjarta.
2. 6. og 10. flokkur, miði ber auðkennið spaði.
3. 7. og 11. flokkur, miði ber auðkennið tígull.
4. 8. og 12. flokkur, miði ber einkennið lauf.

Útdráttur vinninga skal fara fram sérstaklega fyrir hvora röð vinninga. Við útdrátt í flokkaröð skal draga úr öllum útgefnum númerum, 1–80.000, en við útdrátt vinninga í sjóðsröð, DAS 80%, skal einungis dregið úr þeim númerum sem seld eru í hverjum viðkomandi undanfarandi fjögurra flokka og skal fyrir útdrátt liggja fyrir skrá um þau númer sem seld eru í hverjum flokki, staðfest af yfirmanni happdrættisins. Skulu söluaðilar hafa skilað skrá yfir selda miða tímanlega áður en útdráttur fer fram.

6. gr.

Vinningar í happdrættinu skiptast á milli tveggja raða, sbr. 5. gr., flokkaðar og sjóðsraðar, nefnd DAS 80%.

Vinningar í flokkaðri skulu vera samanlagt sem næst 13.000 í tólf flokkum. Heildarverðmæti þeirra miðað við smásöluverð skal nema a.m.k. 40% af heildarsöluverði miða í öllum tólf flokkunum.

Til vinninga í sjóðsröðinni skal verja 80% af 1/3 hluta af andvirði hvers selds miða í hverjum flokki. Sala í fjórum flokkum skal mynda sjóð sem varið er til vinninga sem dregið er um í 4., 8. og 12. flokki. Vinningar skulu vera tilgreindir, bifreiðir, íbúðir, ferðir eða húsbúnaður.

Stjórn happdrættisins ákveður vinningaskrá fyrirfram fyrir happdrættisárið að fengnu samþykki happdrættisráðsins. Verðmæti vinninga að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað. Fjöldi vinninga í flokkaðri skulu vera tilgreindir í vinningaskrá svo og verðmæti þeirra. Vinningar í sjóðsröðinni og verðmæti þeirra skulu einnig tilgreindir í vinningaskrá en fjöldi vinninga skal aðeins tilgreindur í hærri vinningaflokkum en vinningafjöldi í lægsta vinningaflokki skal ákveðinn þegar fyrir liggur sala í þeim fjórum mánuðum sem mynda sjóð hverju sinni. Það sem umfram er af sjóðsupphæð eftir að fundin hefur verið tala vinninga í lægsta vinningaflokki skal renna í næsta sjóð. Það sem umfram er við drátt í 12. flokki rennur til happdrættisins.

7. gr.

Verð hlutamiða skal vera 7.200 ef keyptur er miði sem gildir í öllum tólf flokkum happdrættisársins sem er frá 1. maí til 30. apríl.

Verð miða fyrir hvern mánaðarflokk er kr. 600.

Sé óskað eftir að kaupa hlutamiða eftir að dregið hefur verið í fyrsta flokki happdrættisins eða síðar skal greiða fyrir hann, auk andvirðis þess flokks sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutamiðans í öllum þeim flokkum sem dregið hefur verið í á árinu þó að undanskyldum þeim hluta söluverðs miðans sem rennur til vinninga í sjóðsröðinni og sem þegar hefur verið dregið um.

8. gr.

Hlutamiðar eru seldir í aðalumboði D.A.S. í Reykjavík og hjá umboðsmönnum happdrættisins víðs vegar um landið. Endurnýjun hlutamiða hefst að 20 dögum liðnum frá síðasta drætti og varir til kvölds síðasta endurnýjunardags, sem skráður er á hvern miða.

9. gr.

Um vinninga í 1. flokki flokksraðar skal dregið 7. maí ár hvert og síðan fjórða virkan dag hvers mánaðar, í janúar þó 7. dag þess mánaðar. Ekki skal þó dregið á laugardögum, almennum frídögum, helgidögum eða virkum degi eftir helgidag eða almannan frídag. Fer dráttur þá fram næstan virkan dag þar á eftir.

Um vinninga í sjóðsröð skal dregið í ágúst, desember og apríl. Fer útdráttur fram næsta dag eftir að dregið er í viðkomandi flokki í flokkaðri, þó ekki á helgidögum eða almennum frídögum. Fer dráttur þá fram næstan virkan dag þar á eftir.

Happdrættisráð getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar ef því þykir ástæða til.

10. gr.

Útdráttur vinninga fer fram opinberlega í Reykjavík þar sem happdrættisráð samþykkir. Útdráttur fer fram undir eftirliti happdrættisráðs og að viðstöddum fulltrúa happdrættisins.

11. gr.

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- a. Tölvu, sem samþykkt er af happdrættisráði og stjórnad af sérfróðum manni.
- b. Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur í tölvutæku formi.
- c. Stokk til útdráttar á lykiltölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfu skal vera reglulegur tvítugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
- d. Nauðsynlegan tölvupappír og annan búnað í samræmi við þarfir forritsins.

12. gr.

Dráttarforrit skal gert samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Dráttarforrit skal þannig gert, að fyrst er dreginn út hæsti (hæstu) vinningar, síðan næsthæsti (næsthæstu) o.s.frv. Happdrættisráð fær tvo sérfróða menn til að yfirfara dráttarforritið í upphafi, svo og í hvert sinn, sem breytingar eru gerðar á því. Skulu hinir sérfróðu menn leggja skriflega greinargerð um gerð forritsins fyrir happdrættisráðið, sem síðan staðfestir það.

Dráttarforritið og annar hugbúnaður skal varðveittur milli drátta með öruggum hætti og undir innsigli happdrættisráðs.

13. gr.

Útdráttur vinninga í happdrættinu fer fram með eftirfarandi hætti:

I. Í flokkaröð:

- a) Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með þeim hætti, að stokknum er snúið, en að því búnu er skráð sú 8 stafa tala, sem fram kemur. Er þetta síðan endurtekið, þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
- b) Tölvun er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
- c) Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna.
- d) Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og tegundir vinninga og verðmæti eru slegnar inn í tölvuna frá lykllaborði og prentast út jafnhliða.
- e) Tölvun dregur og prentar út vinningaskrá, sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.
- f) Sé óskað eftir afriti vinningaskrár á segulmiðli er það nú gert.
- g) Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði. Happdrættisráð færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdráttarins.

II. Í sjóðsröð:

- a) Fyrst eru framkvæmdar sömu aðgerðir og lýst er í liðum a) - c) í I. hér að framan.
- b) Síðan er lykiltalan slegin inn í tölvuna svo og skrá yfir þau númer sem taka þátt í sjóðsröðinni samkvæmt söluskrá.
- c) Tölvun prentar síðan út skrá yfir raðnúmer samkvæmt útdrætti tölvunnar og síðan ber tölvun saman raðnúmerin við söluskrá sjóðsraðar þannig að fyrsta raðnúmer tengist lægsta númeri á söluskrá fyrir fyrsta flokki tímabils sjóðsraðarinnar.
- d) Því næst raðar tölvun upp vinningaskrá samkvæmt raðnúmeraskrá og söluskrá sjóðsraðar, sem prentuð er út og happdrættisráðið staðfestir með undirskrift sinni.
- e) Að loknu því sem að framan greinir er framkvæmt það sem talið er í liðum f) og g) í I. hér að framan.

14. gr.

Bili tölvun eða útdráttur stöðvast af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, tekur happdrættisráð öll gögn vegna útdráttarins til varðveislu. Þessi sömu gögn, þ.á m. lykiltalan, skulu notuð við endurtekningu útdráttarins.

15. gr.

Ef ágreiningur rís um lögmati eða gildi dráttar meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, skal skjóta honum til happdrættisráðs, sem leggur fullnaðarúrskurð á ágreininginn.

16. gr.

Að loknum drætti lætur happdrættið prenta skýrslu um vinninga, hvaða númer hafa hlotið vinninga og hve háa. Skal skýrslan send öllum umboðsmönnum happdrættisins og vera þar til sýnis viðskiptamönnum.

17. gr.

Eigandi miða, sem hlotið hefur vinning, skal snúa sér til þess umboðsmanns, er seldi miðann. Umboðsmaðurinn stimplar þá vinningsmerki á miðann, ritar á hann hver vinningurinn er, dagsetningu og skrifar nafn sitt undir.

Í upphafi hvers happdrættisárs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem stjórn happdrættisins auglýsir. Þetta gildir þó því aðeins að umboðsmaðurinn hafi fengið umrætt númer aftur frá skrifstofu happdrættis D.A.S.

18. gr.

Allir vinningar greiðast í bifreiðum, bifhjólum, bátum eða búnaðarvélum, íbúðarhúsum eða einstökum íbúðum, húsbúnaði, hljóðfærum, búpeningi, flugvélum og farmiðum til ferðalaga, og er happdrætti D.A.S. óheimilt að greiða andvirði þeirra í peningum.

19. gr.

Vinninga afhenda einungis viðurkenndir umboðsmenn happdrættisins. Vinning má ekki afhenda nema gegn stimulðum og árituðum miða samkv. 17. gr.

Á vinningaskrá skal auglýst hvenær afhending vinninga hefst. Ef mótmæli koma fram gegn afhendingu vinninga til handhafa hlutamiða, áður en afhending hefst samkvæmt auglýsingunni, skal vinningur ekki afhentur fyrr en 8 vikur eru liðnar frá því afhending átti að hefjast og skal hann þá afhentur handhafa miðans, nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal þá vinningurinn ekki afhentur fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatast, getur eigandi hans snúið sér til stjórnar happdrættisins með beiðni um, að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt miðann. Slík beiðni þarf að komast í hendur stjórnar happdrættisins innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

20. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 53 25 maí 1976 og lög nr. 24 26. mars 1987 um breyting á þeim lögum öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 371 25. október 1976 ásamt síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. apríl 1992.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.